

Lífsfylling

Kristín Aðalsteinsdóttir. (2013). *Lífsfylling: Nám á fullorðinsárum*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri. 196 bls.

Á undanförunum árum hefur fullorðnum nemendum við háskóla fjölgað verulega. Lengi vel var reyndar algengt að fólk með starfsreynslu legði stund á nám til kennsluréttinda við þrjá háskóla landsins en straumur fullorðins fólks í meistaranám undanfarin fimmtán ár hefur aukist. Þannig er um helmingur útskrifaðra meistara frá íslenskum háskólum á þessum tíma eldri en 35 ára. Kristín Aðalsteinsdóttir, prófessor við Háskólann á Akureyri, sendi á árinu frá sér nýja bók þar sem hún gerir einmitt þessa nemendur við íslenska háskóla að umræðuefni.

NÁM Á FULLORÐINSÁRUM

Það hefur lengi vakið athygli rannsakenda að fólk á fullorðinsárum skuli nota frítíma sinn til setu á alls kyns námskeiðum og jafnvel taka til við strangt háskólanám meðfram vinnu eða taka hlé á vinnu til að helga sig slíku námi. Framan af var það þátttaka í námskeiðum og starfstengdu námi sem lenti í leitarljósum rannsakenda og spurningar eins og: Hvað fær fólk til að stunda nám á fullorðinsárum? og Hvers konar fólk stundar nám á fullorðinsárum? mótuðu umræðuna. Bandaríkjamenn upplifðu mikla fjölgun fullorðinna námsmanna í grunnnámi háskóla upp úr 1970 og í kjölfar þess var heilmikið ritað vestra um þennan hóp svokallaðra „óhefðbundinna nemenda“; mörg þessara rita hafa enn áhrif á umræðuna um nám fullorðinna. En eftir að yfirþjóðlegar stofnanir og ríkisstjórnir vestrænna ríkja fóru í stefnuskjölum að leggja æ meiri áherslu á að hvetja til ævinámsmenningar til hagsbóta fyrir atvinnulífið hefur kastljósi rannsakenda frekar verið beint að því fullorðna fólki sem *ekki* stundar nám á fullorðinsárum. Opinber umræða um nám fullorðinna á Íslandi hefur undanfarin ár snúist að miklu leyti um tilraunir yfirvalda til að hækka menntunarstig þjóðarinnar með því að styðja fullorðna sem hafa ekki lokið framhaldsskólanámi til að ljúka því. Aukin sókn fullorðinna í háskóla hefur þó vakið athygli margra og á undanförunum

árum hafa birst nokkrar rannsóknargreinar og meistararitgerðir um þennan hóp. Þó virðast fáir hafa skoðað nemendur á meistarastigi sérstaklega og því er mikill akkur í rannsókn Kristínar.

UPPBYGGING BÓKARINNAR

Bókin er byggð á viðtölum við tuttugu fullorðna einstaklinga sem luku meistaranámi á sviði menntunarfræða á árunum 1988–2006. Hún skiptist í níu kafla og hefst á þremur nokkurs konar inngangsköflum: *Um háskóla*, þar sem höfundur reifar fjölgun meistaranema við íslenska háskóla og setur hana í stofnanalegt, lagalegt og alþjóðlegt samhengi. *Rannsóknin* er stuttur kafli sem lýsir rannsókninni og aðferðum hennar. Í kaflanum *Myndir af viðmælendum* lýsir höfundur öllum tuttugu viðmælendum sínum stuttlega. Niðurstöður eru settar fram í sex aðalköflum sem bera heitin: *Nám á fullorðinsárum*, *Kennsla fullorðinna*, *Áhugahvöt*, *Líðan*, *Leiðbeinandinn*, *Að námi loknu*.

Kaflarnir eru allir settir fram á nokkuð hefðbundinn hátt. Þeir hefjast á yfirliti yfir fyrri rannsóknir og kenningar sem tengjast viðfangsefninu. Þá tekur við niðurstöðu- og umræðuhluti þar sem niðurstöður úr rannsókninni eru túlkaðar og þær tvinnuðar saman við kenningar og rannsóknarniðurstöður annarra. Hverjum kafla lýkur á samantekt.

SÉRSTAÐA FULLORÐINNA NÁMSMANNA

Í fyrstu þremur aðalköflum bókarinnar gerir höfundur grein fyrir þekktum rannsóknnum og kenningum um nám fullorðinna, kennslu þeirra og áhugahvöt, og tengir þær við viðtalsgögnin. Þar kemur fram margt gagnlegt um sérstöðu fullorðinna námsmanna sem nýtist bæði háskólakennurum sem kenna fullorðnum námsmönnum og fólki sem er í sömu aðstæðum og viðmælendur voru. Þar er sérstaklega gagnleg áhersla Kristínar og viðmælenda hennar á stórt hlutverk reynslu hins fullorðna námsmanns í námi sínu. Það virðist vera afar mikilvægt að kennarar virði reynslu fullorðinna námsmanna og gefi þeim góð tækifæri til að tengja nýtt námsefni við fyrri reynslu sína.

Í niðurstöðum rannsókna á þátttöku fullorðinna í námi hefur tenging við starf yfirleitt lent efst á lista yfir ástæður fyrir þátttöku þeirra í skipulögðu námi. Niðurstaðan úr viðtalsrannsókn Kristínar er á mun persónulegri nótum, viðmælendur hennar nefna: Innri þörf, tengingu við fyrra nám, faglega styrkingu, þreytu í fyrra starfi og löngunina til að hafa áhrif á samfélagið. Ástæðan fyrir þessum mun er trúlega sú að viðmælendur Kristínar mynda mjög takmarkað undirmengi fullorðinna námsmanna, en stærstur hluti þeirra sem svara í stórum könnunum eru almennir borgarar sem hafa nýlega tekið þátt í símenntunarnámskeiðum í tengslum við starf sitt.

LÍÐAN OG LEIÐSÖGN

Fjórði aðalkafli bókarinnar fjallar um líðan. Tilfinningar hafa hingað til ekki verið sérlega fyrirferðarmiklar í skrifum um nám á fullorðinsárum, en í viðtölum Kristínar hafa tilfinningar viðmælenda hennar greinilega tekið mikið rými og því eðlilegt að þær fái það rými sem þær gera í bókinni. Síðari tíma umfjöllun um nám hefur dregið fram hversu náin tengsl tilfinninga, náms og námsárangurs eru. Sem betur fer hafa rannsóknir og fræðileg umræða síðari ára þar að auki leitt í ljós að sú viðleitni fyrri tíma að setja skynsemi og tilfinningar fram sem tvo ólíka og misvæga þætti mannligrar tilveru var of einföld. Viðtölin leiða í ljós að það að hefja meistaranám á fullorðinsárum getur verið tilfinningalega erfitt og áttu viðmælendur það margir sammerkt að velja því oft fyrir sér hvort þeir ættu að hætta. Tilfinningaleg glíma þeirra við sig sjálfa og námið virðist eiga stóran þátt í stolti þeirra og auknu sjálfstrausti að námi loknu. Námið sjálft var uppspretta mikillar ánægju hjá mörgum viðmælendum Kristínar. En það er nokkuð sem kennarar sem kenna fullorðnum þekkja vel úr eigin starfi, óháð því á hvaða stigi mentakerfisins nemendurnir standa.

Kaflinn um leiðbeinandann, sem er næstsíðasti aðalkaflinn, er trúlega besti kaflinn í bókinni. Þar er Kristín greinilega á heimavelli og getur vitnað til fyrri rannsókna sinna í umræðunni. Hún fjallar þar um hlutverk leiðbeinenda í leiðsögn við ritgerðasmíð. Viðmælendur hennar hafa flestir jákvæða reynslu af leiðbeinendum sínum, en ekki allir og eru frásagnir þeirra allra áhugaverðar og gagnlegar. Með fjölgun meistaranema er öll umræða um leiðsagnarhlutverk háskólakennara af hinu góða, og fer vel á því hér að birta reynslusögur í tengslum við fræðilega umræðu um efnið.

ÁVINNINGUR AF NÁMINU

Flestar rannsóknir á þátttöku fullorðinna í skipulögðu námi benda til þess að oftast leggi fólk stund á nám til að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði. Í því ljósi er athyglivert að hafi slíkar ástæður átt þátt í þeirri ákvörðun viðmælenda að hefja meistaranám virðast þær hafa vikið fyrir sókninni eftir persónulegum þroska. Viðmælendur leggja mesta áherslu á slíkan ávinning af námi sínu. Engu að síður var námið tengt starfsvettvangi þeirra og það leiddi í flestum tilfellum til þess að þeir skiptu um starf eða breyttu því. Þessar rannsóknarniðurstöður eru trúlega í takt við aðstæður í samfélaginu á þeim tíma sem viðmælendur luku námi sínu. Margt bendir til að niðurstöður yrðu aðrar ef viðmælendur hefðu lokið námi á árunum 2007–2013. Niðurstöður Kristínar eru þær að ávinningur af meistaranáminu hafi fyrst og fremst verið persónulegur þroski: aukið sjálfstraust, gleði, umburðarlyndi, frumkvæði og sjálfstjórn.

Bókinni lýkur skyndilega, án lokaorða. Það er e.t.v. ekki mikill löstur, en samantekt á niðurstöðum á einum stað hefði samt verið vel séð. Gjarnan hefði mátt gefa þar yfirlit yfir þann lærdóm sem höfundur dregur af niðurstöðum rannsóknarinnar, einkum í ljósi þess að hún hefur um 30 ára reynslu af kennslu fullorðinna.

SAMANTEKT

Bók Kristínar er trúlega fyrsta íslenska bókin þar sem nám fullorðinna er tekið fyrir á skipulegan hátt. Kristín hefur takmarkað sig við afmarkaðan hóp: fólk sem lauk meistaranámi á fullorðinsárum. Þetta er hópur sem var full þörf á að rannsaka sérstaklega, einkum í ljósi aukins fjölda fullorðinna sem stunda nám á meistarastigi í íslenskum háskólum. Þannig eykur hún þekkingu okkar og skilning á þessum mikilvæga hópi háskólanema og gefur bæði nemendum og kennurum efni til að tengja við eigið starf og eigin reynslu, báðum hópum til góðs. Sömuleiðis gefur hún nokkuð gott yfirlit yfir skrif nokkurra áberandi höfunda um nám fullorðinna.

Umfjöllun og niðurstöður eru í samræmi við það sem þekkist á sviðinu. Úrvinnsla og tenging kenninga og rannsóknarniðurstaða annarra fræðimanna hefði þó stundum mátt vera markvissari og með skýrari tengslum við umræðuefnið og rannsóknargögnin. Sömuleiðis hefði úrvinnsla og túlkun þessara heimilda í sumum tilfellum mátt vera nákvæmari; á einstaka stað gætir jafnvel misskilnings. Í framsetningu höfundar á hugmyndum Malcolms S. Knowles (sem er einn sá fræðimaður sem flestir vitna til þegar rætt er um sérstöðu fullorðinna námsmanna) gætir t.d. lítils háttar misskilnings, einkum hvað varðar þróun hugmynda hans (bls. 59 og áfram). Þá er úrvinnsla heimilda – einkum eftirheimilda – full ónákvæm. Höfundur styðst t.d. greinilega mjög mikið við bók Sharan B. Merriam, Rosemary S. Caffarella og Lisu M. Baumgartner, *Learning in Adulthood*, sem kom út 1991, 1999 og 2007 (sjá Merriam, Caffarella og Baumgartner, 2007) og er mjög víða notuð sem inngangsbók á námskeiðum um nám fullorðinna. Kristín styðst mikið við þær heimildir sem Merriam og félagar nota og virðist undir miklum áhrifum af framsetningu og röksemdafærslu þeirra. Það er reyndar ekki skritið, því í bókinni eru á meistaralegan hátt dregnar saman rannsóknir annarra á námi fullorðinna. Kristín vísar fulloft í umræðu Merriam og félaga eins og um þeirra eigin niðurstöður eða fullyrðingar sé að ræða, þegar hún er í raun að vísa í *umfjöllun* þeirra um annarra manna rannsóknir. Annað dæmi um ónákvæma notkun heimilda er í kafla sem fjallar um áhugahvöt. Þar notar höfundur greiningu Carol S. Dweck (2000) á tveimur ólíkum tegundum hugarfars (e. mindset) fólks í mótlæti eða erfiðum verkefnum sem hliðstæðu við hvatir eða ástæður sem viðmælendur Kristínar gáfu fyrir því að hefja meistaranámið. Tenging við Dweck hefði átt betur við ef hún ætlaði að gera grein fyrir því hvernig meistaranemarnir nálguðust námið og sérstaklega sem skýring á því hvers vegna þeim tókst að klára það (bls. 118).

Styrkleikar bókarinnar liggja í viðtalsgögnunum og úrvinnslu þeirra. Allir sem hafa komið að leiðsögn fullorðinna meistaranema eða sjálfir stundað slíkt nám á fullorðinsárum kannast vel við frásagnir viðmælenda Kristínar. Flokkun þeirra, umræða og túlkun er skemmtileg og gagnleg og tenging við fyrri rannsóknir á námi fullorðinna hjálpa lesandanum til við að sjá reynslu sína í víðara samhengi og öðlast dýpri skilning á því sem á sér stað þegar fullorðnir leggja út í slíkt ferðalag sem meistaranám við háskóla er.

HEIMILDIR

- Dweck, C. S. (1999). *Self-theories: Their role in motivation, personality, and development*. Philadelphia: Psychology Press.
- Merriam, S. B., Caffarella, R. S. og Baumgartner, L. M. (2007). *Learning in adulthood: A comprehensive guide* (3. útgáfa) San Francisco: Jossey-Bass.

UM HÖFUNDINN

Hróbjartur Arnason (hrobjartur@hi.is) er lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og leiðir þar námsbrautina Nám fullorðinna. Hróbjartur er guðfræðingur að mennt og stundaði biblíurannsóknir í Ísrael og Þýskalandi áður en hann lauk viðbótarnámi ofan á meistaragráðu í kennslufræði fullorðinna (þ. Aufbaustudium Andragogik) frá Háskólanum í Bamberg í Þýskalandi. Rannsóknir hans hafa einkum beinst að sérstöðu fullorðinna námsmanna, þátttöku fullorðinna í skipulögðu námi, árangri af verkefnum í menntunargeiranum og notkun upplýsingatækni til að styðja við nám fullorðinna.